

Nd.

268. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Ég er andvígur frumvarpinu og vil fella það. Fulltrúar Framsóknarflokksins virðast vera óráðnir í málinu, en fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja samþykkja það.

Aðalefni frumvarpsins er það, að lagt er til að hækka útflutningsgjöld á sildar-afurðum um 40 milljónir króna á ári, en lækka jafnframt útflutningsgjöld á þorsk-afurðum um sömu fjárhæð. Sá nýi sildarskattur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mun lækka í verði hvert sildarmál um 10 krónur.

Verði frumvarpið samþykkt, komast útflutningsgjöld á sildarmjöli og sildar-lysi upp í 8% af fob.-verðmæti, eða verða um 40 krónur á hvert sildarmál. Slíkur útflutningsskattur mun hvergi þekkjast. Með frumvarpinu á að leggja á alla sild-

veiðisjómenn aukaskatt, sem nemur um 20 milljónum króna á ári, en það mun nema um 8000 króna meðaltalsskatti á hvern síldveiðisjómann. Skatturinn lendir ekki aðeins á tekjuhæstu sjómönnum, heldur einnig á þeim tekjulægstu.

Jafnháan skatt, eða um 20 milljónir króna á ári, á að leggja á síldarútgerðarmenn, og lendir sá skattur ekki aðeins á þeim útgerðarmönnum, sem góðan rekstur hafa, heldur einnig á hinum, sem óumdeilanlega reka með tapi.

Þessum nýja síldarskatti á að verja að langmestu leyti til stuðnings við stærstu fiskkaupendurna í landinu, þar á meðal þau stóru frystihús, sem gefið hafa upp til skatts á undanförunum árum allverulegan rekstrargróða.

Með breytingum þeim, sem felast í frumvarpinu, er gert ráð fyrir, að síldarútgerðin greiði um 200 milljónir króna á ári í útflutningsgjöld, en öll önnur útgerð aðeins um 80 milljónir króna.

Samkvæmt áætlunum, sem fyrir liggja, er ráðgert, að síldarútgerðin greiði í váttryggingarsjóð fiskiskipaflotans um 145 milljónir króna á ári, en öll önnur útgerð, og þar á meðal togaraútgerðin, aðeins um 50 milljónir króna.

Þau rök eru einkum færð fram fyrir hinum nýja síldarskatti, að um s. l. áramót hafi orðið samkomulag í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins um að hækka fiskverð um 17% frá því, sem áður var, og að í ljós hafi komið, að fiskkaupendur gætu ekki greitt alla þessa hækkun. Talið var, að fiskkaupendur gætu greitt um 13% fiskverðshækkun, en að 4% verðhækkun yrði að fáast annars staðar. 4% fiskverðshækkun var talin nema um 40 milljónum króna á ári.

Nú er það ekkert nýtt við fiskverðsákvörðun, að fiskkaupendur telji sig ekki geta greitt þá fiskverðshækkun, sem fiskseljendur fara fram á. Í ýmsum slíkum tilfellum hefur ríkissjóður komið til hjálpar og brúað bilið.

Nú var ekki talið fært, að ríkissjóður brúaði þetta bil, en þess í stað var fundið það ráð, sem í frumvarpinu felst, að leggja sérstakan aukaskatt á síldveiðisjómenn og síldarútgerðarmenn og láta þá aðstoða frystihúsin í landinu til að greiða það fiskverð, sem talið var óhjákvæmilegt að fiskimenn fengju.

Ég tel slíka skattlagningu sem þessa óeðlilega og ósanngjarna og mjög hættulegt að fara inn á þá braut að skattleggja eina grein útgerðarinnar til stuðnings annarri. Slíkt hefur aldrei verið gert áður, svo að mér sé kunnugt.

Á tímum uppbótakerfisins voru greiddar misjafnar uppbætur til hinna einstöku greina framleiðslunnar, eftir því sem talið var að þörf væri á. Það fé, sem til uppbótageiðslunnar fór, kom úr almennasjóði eða hafði verið aflað með almennri skattlagningu. Þá kom aldrei til mála að leggja sérstakan skatt á þær greinar framleiðslunnar, sem betur gekk, til stuðnings hinum, sem verr gekk.

Þegar uppbótakerfið var lagt niður með viðreisnarstefnunni, var því mjög haldið fram af efnahagsráðunautum ríkisstjórnarinnar, að varhugavert væri að styrkja hinar ýmsu greinar framleiðslunnar misjafnlega, en nú bregður svo við, að aðal-efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar stendur að tillögugerð um það að ganga enn lengra í mismunun í þessum eignum en nokkru sinni fyrr, með því að leggja til, að ein framleiðslugrein verði heinlínis að standa undir rekstrargjöldum annarrar.

Verð haldið áfram á þessari braut, má búast við því, að næst komi tillaga um að skattleggja einhvern þátt bátaútgerðarinnar til stuðnings togaraútgerðinni. Og svo má búast við tillögu um að skattleggja síldarsöltun á Norður- og Austurlandi til stuðnings síldarsöltun við Faxaflóa. Slík skattlagning er alger fjarstæða, og auðvitað hlýtur að koma að því, að sjómenn, sem fyrir slíkri skattlagningu verða, neiti að þola hana.

Þó að svo kunnri að fara, að dýrtíðarstefna ríkisstjórnarinnar leiði til þess, að fiskkaupendur geti ekki greitt fiskibátaeignum og sjómönnum þeirra nægilega hátt fiskverð, þá á það ekki að verða sérstakt viðfangsefni síldveiðisjómanna að lagfæra slíkt. Slíkar afleiðingar af dýrtíðarstefnu stjórnarinnar hljóta að verða vandamál, sem þjóðarheildin verður að glíma við.

Á s. l. sumri gerði núverandi ríkisstjórn tilraun til að leggja á hliðstæðan

síldarskatt þeim, sem nú á að leggja á. Ríkisstjórnin hafði hina mestu hneisu af tilraun sinni. Síldveiðisjómenn gerðu verkfall gegn bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, og hún varð að lippast niður á hinn aumkunarverðasta hátt. S. l. sumar stóðu síldveiðisjómenn vel að vígi. Þeir voru allir samankomnir á síldarmiðunum og gátu auðveldlega borið saman ráð sín. Síldarskatturinn þá átti að skella á strax, og þá fór ekkert á milli mála.

Nú hins vegar standa síldveiðar ekki yfir. Síldveiðisjómenn eru að öðrum störfum og eiga ekki eins hægt um vik. Margir þeirra stunda nú loðnuveiðar, og þess er vandlega gætt að hækka ekki útflutningsgjald á loðnuframleiðslu. En hvað gera þeir gagnvart hinum nýja síldarskatti næsta vor, þegar síldveiðar hefjast að nýju og nýtt síldarverð verður ákveðið? Við ákvörðun síldarverðsins næsta sumar verður auðvitað tekið tillit til þessa nýja síldarskatts. Eins og lög eru nú um verðlagningu á fiskafurðum, ber ótvírætt að taka tillit til slíkra kostnaðarliða sem útflutningsgjalda. Og samkvæmt því hlýtur síldarmálið að verða verðlagt 10 krónum lægra vegna þessa nýja skatts en annars hefði orðið.

Slík skattlagning er bein röskun á samningslegum rétti sjómanna. Þeir hafa samið um ákveðinn aflahlut úr því verði, sem miðað er við eðlilegan framleiðslukostnað.

Þær ástæður, sem til þess liggja, að ríkisstjórnin grípur til slíkra vandræðaráðstafana sem hér um ræðir, er auðvitað að rekja til efnahagsmálastefnu stjórnarinnar. Sú stefna hefur leitt til æðandi dýrtíðar, sem magnast með hverju ári. Þó að fiskafurðir hafi svo til allar hækkað mjög verulega í verði á erlendum mörkuðum, dugir það ekki til. Þrátt fyrir þær getur fiskverðið til sjómanna ekki hækkað eins og réttlátt og nauðsynlegt er. Þegar svo dýrtíðin hefur aukið framleiðslukostnað útflutningsins meir en nemur hinum erlendu markaðshækkunum, hriktir í öllu, og þá er gripið til örþrifaráða, eins og gert er í þessu frumvarpi.

Leiðin út úr vandanum er ekki að skattleggja síldveiðisjómenn eða einstaka þætti framleiðslukerfisins, heldur að snúa sér að orsökum meinsins, dýrtíðarvandamálinu, dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 26. febr. 1966.

Lúðvík Jósefsson.